

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Þórsteinssjóð, nr. 1147/2006 með síðari breytingu nr. 1011/2010.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stofnframlag sjóðsins er 30.000.000 kr. – þrjátíu milljónir króna.

Óskert stofnfé sjóðsins, verðbætt, er 5.000.000 kr. – fimm milljónir króna.

Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

Vextir og arður af eignum sjóðsins.

Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins.

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma og taka mið af fjárfestingarstefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Heimilt er að úthluta til styrkja allt að tveimur þriðju af ávöxtun hvers reikningstímabils, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Þriðjungur ávöxtunarinnar leggst við verðbætt stofnframlag og verður hluti af óskerðanlegu stofnfé.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda Styrktarsjóða Háskóla Íslands og þeir birtir með sama hætti og aðrir reikningar Háskóla Íslands.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Þórsteinssjóð staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 18. mars 2022,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.